


Ferðamenn og íbúar í Vestmannaeyjum 2012

og aðrar kannanir 2004-2012



Ferðamenn og íbúar í Vestmannaeyjum 2012

og aðrar kannanir 2004-2012



Erlendir ferðamenn á kajanum í Eyjum.

Samantekt unnin fyrir Vestmannaeyjabæ
með stuðningi rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar,
Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Eimskipafélags Íslands

janúar 2013

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson
Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði

Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson, auk tveggja mynda frá ÍBV.

Kápu mynd: Séð að Eldfelli og Helgafelli.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	1
1.0 Inngangur	5
1.1 Kannanir sem byggt er á	5
1.2 Úrvinnsla	5
1.3 Markmið og hagnýting	6
2.0 Ferðamenn í Vestmannaeyjum 2004-2012	8
3.0 Vettvangskönnun: erlendir og innlendir ferðamenn í Vestmannaeyjum sumarið 2012	10
3.1 Kyn, aldurshópar, menntun og búseta	10
3.2 Áður til Íslands og til Vestmannaeyja	11
3.3 Ferðamáti og föruneysi	12
3.4 Upplýsingaöflun fyrir ferð	12
3.5 Dvalarlengd, gistinætur og gistimáti í Vestmannaeyjum	13
3.6 Gististaðir síðustu og næstu nótt	15
3.7 Staðir sem skoðaðir voru	16
3.8 Afþreying	17
3.9 Álit á þáttum er tengjast ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum	18
3.10 Það sem vakti áhugann á Vestmannaeyjum	20
3.11 Ástæður fyrir heimsókn til Vestmannaeyja	20
3.12 Efst í huga varðandi Vestmannaeyjar	22
3.13 Jákvæðast við heimsóknina til Vestmannaeyja	23
3.14 Neikvæðast við heimsóknina til Vestmannaeyja	24
3.15 Álit á þjónustu Herjólfss	25
3.16 Tekið þátt í Þjóðhátíð?	27
3.17 Útgjöld í Vestmannaeyjum	27
4.0 Íbúar í Vestmannaeyjum 2012	30
4.1 Kyn, aldur, menntun og föruneysi	30
4.2 Lengd búsetu í Vestmannaeyjum	30
4.3 Ferðir innanlands og utan síðasta árið	31
4.4 Ferðamáti til og frá Eyjum	32
4.5 Álit á framtíð ferðaþjónustu og fjölda ferðamanna í Eyjum	32
4.6 Álit á ýmsum þáttum og hátíðum er snerta ferðaþjónustu í Eyjum	34
4.7 Afstaða til fullyrðinga um ferðaþjónustuna	36
4.8 Álit á þjónustu Herjólfss	37
4.9 Álit á þjónustu Flugfélagsins Ernir	38
4.10 Styrkleikar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum	39
4.11 Veikleikar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum	40
4.12 Þjónusta sem vantar fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum	41
4.13 Þróunar- og nýsköpunarmöguleikar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum	42

Viðaukar: I. Vettvangskönnun meðal ferðamanna sumarið 2012 (enska)
II. Könnun meðal Eyjamanna sumarið 2012.

Helstu niðurstöður

Fjöldi ferðamanna í Eyjum og útgjöld þeirra

- Samkvæmt könnunum RRF jókst hlutfall Íslendinga sem heimsóttu Vestmannaeyjar úr 8% árið 2004 í 13% árið 2012. Á sama tímabili jókst hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi sem heimsóttu Eyjar úr 3,2% í 6,3%.
- Áætlað er að Íslendingum sem heimsóttu Eyjar hafi fjölgað úr 22 þúsund árið 2004 í 39 þúsund árið 2012 (í alls 51 þúsund heimsóknum) eða um 77%, munar þar mestu um mikla fjölgun frá árinu 2010 með tilkomu Landeyjarhafnar. Þá er áætlað að erlendum ferðamönnum á þessu átta ára tímabili hafi fjölgað úr 12 þúsund árið 2004 í 41 þúsund árið 2012, eða um 350%. Auk þess komu um 5 þúsund erlendir gestir með 17 skemmtiferðaskipum til Eyja sumarið 2012. Að öllu samanlögðu er áætlað að 85 þúsund gestir hafi komið til Vestmannaeyja árið 2012 í 97 þúsund heimsóknum.
- Samkvæmt vettvangskönnun er áætlað að hver erlendur gestur sem lagði leið sína til Vestmannaeyja sumarið 2012 hafi eytt þar um 12 þúsund kr að meðaltali en hver Íslendingur um 22 þúsund kr - aðrir en þjóðhátíðargestir - sem eyddu að jafnaði a.m.k. 50 þúsund krónum í Eyjum. Samkvæmt því má áætla útgjöld innlendra gesta Eyjum um 1,4 milljarða króna árið 2012, þar af 500 milljónir meðal þjóðhátíðargesta og 900 milljónir meðal annarra innlendra gesta. Þá eru útgjöld erlendra ferðamanna í Eyjum áætluð ríflega 500 milljónir. Heildarútgjöld innlendra og erlendra ferðamanna í Eyjum eru því lauslega áætluð um 1,9 milljarður árið 2012.

Ferðamenn í Eyjum sumarið 2012

- 86% Íslendinga í vettvangskönnuninni höfðu komið áður til Vestmannaeyja, að jafnaði í 8,3 skipti. Þá höfðu 22% erlendra þátttakenda í könnuninni komið áður til Íslands og 6% höfðu komið áður til Vestmannaeyja.
- 89% Íslendinga og 65% erlendra þátttakenda í könnuninni voru í ferð á eigin vegum. 15% erlendu gestanna voru í ferð sem var að hluta skipulögð af öðrum (s.s. gisting og/eða bílaeigubíll) og 20% í hópferð. Helmingur Íslendinganna voru með börn í föruneyti sínu en erlendir gestir voru mest með maka (44%) eða vinum (28%) í för.
- 86% erlendra ferðamanna og 49% Íslendinga sumarið 2012 höfðu leitað sér upplýsinga um Vestmannaeyjar áður en þeir komu. Erlendir ferðamenn fengu helst upplýsingar um Eyjar í ferðahandbókum (65%) en síðan á Internetinu (40%) eða hjá vinum/fjölskyldu (24%). Íslendingar fengu helst upplýsingar um Vestmannaeyjar hjá vinum/ fjölskyldu (32%) og á Internetinu (30%) en síðan á vefsíðu Vestmannaeyja (15%).

- 75% erlendra ferðamanna í könnuninni komu til Vestmannaeyja í dagsferð en 25% gistu þar að jafnaði í 1,7 nætur af alls 12,2 náttu meðaldvöl á Íslandi. Þá komu 68% Íslendinganna í dagsferð til Eyja en 32% gistu þar að jafnaði í 3,2 nætur.
- Af 14 stöðum í Heimaey sem spurt var um fóru Íslendingar helst í Herjólfsdal (70%), síðan á Vigtartorg (57%), að Skansinum (54%), Spröngunni (50%), Stórhöfða (47%) og Eldfelli (46%). Erlendir ferðamenn fóru hins vegar mest að Eldfelli (67%) og Vigtartorgi (57%), en síðan að Skansinum (48%), Herjólfsdal (39%), Stórhöfða (37%) og Spröngunni (35%).
- Íslendingar og erlendir ferðamenn í Vestmannaeyjum sumarið 2012 áttu það sammerkt að stunda mikið náttúruskoðun (64% og 47%), heimsækja Pompeii norðursins (51%) og fara í styttri göngur (41% og 53%). Meira en fjórfalt fleiri erlendir ferðamenn (50%) en Íslendingar (12%) stunduðu fuglaskoðun. Eins voru erlendu gestirnir margfalt líklegri til að fara í bátsferð (32%), rútuferð (23%) eða fjörugöngu (22%) en Íslendingar (4-10%). Landsmenn fóru á hinn bóginn miklu frekar í sund (30%) eða í golf (8%) en erlendu gestirnir (5% og 1%) og voru einnig talsvert líklegri til að leggja leið sína í Fiska-og náttúrugripasafnið (19%) eða í gallerí/handverksmiðstöð (18%) heldur en útlendingarnir (9% og 13%).
- Viðmót íbúanna og Vestmannaeyjar í heild fengu bestu meðaleinkunnina hjá þeim Íslendingum sem afstöðu tóku (8,9) en síðan persónuleg þjónusta starfsfólks og söfn/sýningar í Eyjum (8,4) og þá hreinleiki bæjarins (8,1). Hótel/gistiheimili fengu hins vegar lökustu dómanna (7,3). Meðal erlendra gesta sem töldu sig dómbæra á þessa þætti fékk viðmót heimamanna bestu einkunnina (8,8) en síðan hreinleiki bæjarins (8,7), Vestmannaeyjar í heild (8,6), tjaldsvæðið (8,5) og persónuleg þjónusta. Verslanir fengu hins vegar áberandi lægstu einkunnina (6,6).
- Flestir erlendu gestanna nefndu að Eldfell/eldfjallið hefði vakið áhuga þeirra á Vestmannaeyjum (25%) en síðan lundar (18%), Heimaeyjargosið 1973 og saga þess (15%) og falleg náttúra/landslag (11%). Þá nefndu allmargir fugla almennt (6%) og sögu Vestmannaeyja (5%).
- Helstu ástæður Íslendinga fyrir heimsókninni voru að skoða Eyjar/Heimaey (23%), heimsækja vini/ættingja (20%), skemmtiferð (17%), fjölskylduferð (10%) og sumarfrí/frí (9%). Erlendir gestir komu hins vegar helst til að skoða Eldfell (29%), lunda (22%), náttúru/landslag í Eyjum (20%), til að fræðast um Heimaeyjargosið 1973 (11%) og til að skoða fugla (ekki bara lunda).
- Þjóðhátíð í Eyjum var efst í huga Íslendinga varðandi Vestmannaeyjar (27%), en síðan náttúrufegurðin (26%), Heimaeyjargosið 1973 (20%), útgerðarbær/fiskur og lundar (11%). Erlendu ferðamennirnir nefndu helst Eldfell/eldfjallið (42%) en síðan lunda (26%), náttúrufegurðina (19%), Heimaeyjargosið 1973 (15%) og fugla (11%).

- Íslendingar nefndu langoftast gott veður sem það jákvæðasta við heimsóknina til Eyja (42%) en síðan náttúrufergurðina (18%), að ferðin hefði verið góð og góðan félagsskap (9%). Erlendu ferðamennirnir nefndu langoftast náttúrufergurðina sem það jákvæðasta (33%) en síðan útsýnið (12%), gott veður (10%) og gott viðmót íbúa (9%).
- 35% Íslendinga og 46% erlendra ferðamanna í könnuninni nefndu eitthvað sem þeir töldu vera neikvætt við ferðina til Vestmannaeyjar. Íslendingar nefndu oftast þjónustu eða mat á veitingahúsum í Eyjum (14% þeirra sem nefndu eitthvað), bræðslulykt (12%) eða leiðinlegt veður (oftast rok). Erlendir ferðamenn nefndu hins vegar oftast að merkingar væru slæmar (19%), slök ferðamannakort/-bæklinga af Heimaey/kaupstaðnum (15%), leiðinlegt veður (rok - rigningu) og bræðslulykt (9%).
- Af ellefu þáttum í þjónustu Herjólfss fékk siglingaáætlunin hæstu meðaleinkunnina meðal þeirra Íslendinga sem afstöðu tóku (8,7) en síðan viðmót starfsfólks (8,5). Veitingar um borð fengu hins vegar lökustu dómanna (7,4). Meðal erlendra gesta fékk hreinlæti um borð bestu einkunnina (8,4) en síðan viðmót starfsmanna (8,3) og Herjólfur í heild (8,2). Vefsíða Herjólfss (6,7) og veitingar um borð (6,4) fengu hins vegar lökustu einkunnirnar.
- 53% Íslendinga höfðu tekið þátt í Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, að meðaltali í 7,6 skipti hver. 27% þeirra höfðu tekið þátt einu sinni, 37% í 2-4 skipti, 18% í 5-10 skipti og 18% oftari en 10 sinnum.

Íbúar í Vestmannaeyjum 2012

- Meðalbúseta íbúa í Eyjum var 34 ár, aðeins 10 árum skemmri en meðalaldur svarenda. Aðeins 11% höfðu búið í Eyjum í 1-10 ár, 14% í 11-20 ár en 75% í yfir 20 ár.
- 98% höfðu ferðast eitthvað innanlands síðasta árið í 13 ferðum og gist í þeim 22 nætur að jafnaði. Þá höfðu 64% farið í utanlandsferð á árinu, í 1,5 skipti að jafnaði, og dvalið að meðaltali 14 nætur. Flestir þeirra fóru til Spánar (35%), en síðan til Bretlands (27%), Þýskalands (19%), Bandaríkjanna (16%) og Danmerkur (12%).
- 90% töldu að ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum ætti mjög mikla framtíð fyrir sér að sumri en einungis 12% töldu framtíðina mjög bjarta utan sumartíma.
- 78% íbúa töldu að fjöldi sumarferðamanna í Eyjum væri hæfilegur en 76% álitu hins vegar að ferðamenn utan sumars væru of fáir.
- Af tuttugu þáttum er snerta ferðaþjónustu í Eyjum fengu Shellmótið og Goslokahátíðin hæstu meðaleinkunn íbúa (8,8) en síðan Þæjumótið (8,7), viðmót íbúa (8,6) og Þjóðhátíðin (8,2). Þá fengu veitinga- og kaffihús söfn/sýningar, flugsamgöngur og gististaðir nokkuð góða meðaleinkunn (7,5-7,9). Lökustu einkunnirnar fengu, útgáfu og kynningamál (6,0), kynning á Vestmannaeyjum á netinu (5,7) og samvinna ferðaþjónustuaðila í Eyjum (5,6).

- Eyjamenn voru almennt býsna jákvæðir gagnvart ferðaþjónustunni og áhrifum hennar. Þannig voru 96% mjög eða fremur sammála því að það væri gott að fá gesti sem eyddu peningum í sveitarfélaginu og 94% voru stoltir af því að ferðamenn hefðu áhuga á að heimsækja Vestmannaeyjar. Enginn var þessu tvennu ósammála. 86% voru mjög eða fremur sammála því að með ferðaþjónustu hefðu orðið til fleiri störf en ella hefðu skapast en 1% voru ósammála. Jafnframt töldu 83% að ferðaþjónustan leiddi til þess að íbúarnir skynjuðu betur og varðveittu sérkenni í eigin menningu en 2% voru því ósammála
- Af níu þáttum í þjónustu Herjólfss fékk viðmót starfsfólks góða meðaleinkunn (8,4) og tímaáætlunin nokkuð góðan vitnisburð (7,5). Hreinlæti, veitingar og aðbúnaður um borð fengu sæmilega einkunn, sem og heimasíða Herjólfss (6,5-7,0). Ferjan sjálf, bókunarkerfið og verð fargjalda fengu síðan heldur slaka dóma (4,6-5,8).
- Af sjö þáttum í þjónustu Flugfélagsins Ernir fékk viðmót starfsfólks góða meðaleinkunn (8,7) sem og heimasíðu flugfélagsins (8,2) og bókunarkerfið (8,1). Flugáætlunin, flugvélaostur og aðbúnaður um borð fengu nokkuð góða dóma (7,0-7,5). Verð fargjalda hlaut hins vegar falleinkunn (4,0).
- Langflestir þeirra sem afstöðu tóku nefndu náttúru/landslag sem helsta styrkleika ferðaþjónustunnar í Eyjum (67%), en síðan Landeyjarhöfn - þegar hún væri í notkun (15%), sögu Eyjanna (11%) og fjölbreytnina og mannlífið/fólkið (9%).
- Áberandi flestir nefndu ófullnægjandi ferjusamgöngur einkum yfir vetrartímam, þegar Herjólfur þarf að sigla til Þorlákshafnar, sem helsta veikleika ferðaþjónustunnar í Eyjum (65%), en síðan of lítið gistiþláss (13%) og enga/litla samvinnu ferðaþjónustuaðila (11%).
- Flestir þeirra sem afstöðu tóku til þess hvaða þjónustu skorti fyrir ferðamenn í Eyjum nefndu að það vantaði fleiri almenningssalarni (23%) og fleiri/betri gististaði (21%). Síðan að það vantaði nýja/stærri ferju (15%) og að bæta tjaldsvæðið (13%).
- Af þeim sem komu með tillögur um þróunar-og nýsköpunarmöguleika í ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum nefndu flestir að bæta þyrfti samgöngur (16%) en síðan að byggja upp Eldheima/kynna gossöguna, þróa náttúrutengdar ferðir, gönguferðir og úteyjaferðir (13-14% hvert atriði) .

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem byggt er á

Ferðamenn í Vestmannaeyjum 2004-2012

Í öðrum kafla skýrslunnar (2.0) er að mestu byggt á niðurstöðum úr könnunum sem RRF hefur staðið fyrir. Hvað erlenda ferðamenn áhrærir er um að ræða könnunina *Dear Visitors* sem hefur verið framkvæmd meðal erlendra brottfarargesta í Leifsstöð nær stöðugt frá því í janúar 2004 og til þessa dags, allt árið um kring. Alls hafa þar fengist yfir 35 þúsund svör á tímabilinu. Auk þess hefur könnunin verið framkvæmd á sumrin meðal erlendra brottfarargesta Norrænu á Seyðisfirði. Könnunin er í boði á sex tungumálum: íslensku, ensku, norsku, þýsku, frönsku og ítölsku. Allan tímann hefur verið spurt um heimsóknir til Vestmannaeyja.

Í kafla 2.0 er hins vegar stuðst við símakannanir meðal Íslendinga um ferðavenjum þeirra árin 2004 og 2005 og símakannanir RRF í samráði við Miðlun ehf varðandi ferðavenjur árin 2009 og 2010. Auk þess er stuðst við niðurstöður úr könnun MMR fyrir Ferðamálastofu um ferðavenjur Íslendinga árið 2011. Ávallt var spurt um komur til Vestmannaeyja og öllum tilvikum voru svörin nálægt 800 talsins.

Ferðamenn í Vestmannaeyjum sumarið 2012

Í þriðja kafla skýrslunnar (3.0) er greint frá niðurstöðum vettvangskönnunar sumarið 2012, sem að stærstum hluta var framkvæmd meðal innlendra og erlendra ferðamanna um borð í Herjólfu á leið frá Eyjum (um 90%), en einnig að hluta meðal brottfarargesta á Vestmannaeyjaflugvelli. Þar var m.a. spurt um dvalarlengd, útgjöld, afþreyingu og annað atferli svarenda í Eyjum sem og viðhorf þeirra til ýmissa þátta er tengjast ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum. Alls fékkst 461 svar; þar af 207 meðal Íslendinga og 254 meðal erlendra gesta. Sjá má enska útgáfu könnunarinnar í viðauka I.

Íbúar í Vestmannaeyjum sumarið 2012

Í fjórða kafla skýrslunnar (4.0) er greint frá niðurstöðum vettvangskönnunar meðal Íbúa í Vestmannaeyjum, 16 ára og eldri. Sú könnun var mestu var framkvæmd var um borð í Herjólfu sumarið 2012 (um 80%), en einnig að hluta í kaupstaðnum. Þar var m.a. spurt um ferðalög Eyjamanna síðasta árið, um afstöðu þeirra til ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum og hugmyndir þeirra til eflingar hennar. Í könnuninni fengust 172 svör. Könnunina má sjá í viðauka II.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnunum RRF og Íslendingar í síma- og netkönnunum bornir saman sem tveir hópar (kafla 2.0). Ekki er kafað nánar í greiningu á þeim nema að lauslega er greint frá skiptingu erlendu gesta að sumri og utan sumars og eftir ferðamáta (eigin vegum eða hópferð).

Við úrvinnslu vettvangskönnunar 2012 meðal innlendra og erlendra gesta er sami háttur hafður á (kafla 3.0) og hóparnir bornir saman, annars vegar Íslendingar (innlendir gestir) og hins vegar erlendir ferðamenn. Í vettvangskönnun meðal heimamanna 2012 er síðan unnið úr spurningunum í svipaðri röð og þær koma fyrir í könnuninni (kafla 4.0).

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er.

Í könnuninni *Dear Visitors* sumarið 2010 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands frá júní til ágúst 2010, um 250 þúsund manns.¹ Í vettvangskönnun meðal gesta í Eyjum sumarið 2012 er þýðið annars vegar allir Íslendingar sem lögðu leið sína þangað sumarið 2012 (líklega nálægt 30 þúsund manns) og hins vegar erlendir gestir þar á sama tímabili (um 30 þúsund talsins). Í könnuninni meðal Eyjamanna er þýðið allir íbúar sem eru 16 ára og eldri, um 3.300 manns. Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,4	4,6	5,5	6,1	6,2	7,1	7,5	7,7
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1400	1,2	1,6	1,9	2,1	2,3	2,4	2,6	2,6
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5

Dæmi um notkun á töflu 1.2

Ef 10% svarenda í *Dear Visitors* sumarið 2010 komu til Vestmannaeyja verður frávikíð frá gefnu hlutfalli +/- 1,6% miðað við 1.400 erlenda svarendur, sem var fjöldi þeirra sem tóku þátt í könnuninni sumarið 2010. Í vettvangskönnuninni meðal innlendra gesta sumarið 2012 mælist frávikíð hins vegar +/- 4,6% þar sem svörin voru einungis um 200 en +/- 3,4 meðal erlendra ferðamanna og þar miðað við töluna 300 (nákvæmur fjöldi erlendra svara var 254). Þessa tölfræði er gott að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar og túlkun niðurstaðna.

1.3 Markmið og hagnýting

Markmiðið með þessari greinargerð er að nýta upplýsingar úr gagnagrunni um ferðamenn hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) á árabílinu 2004-2012 til að fá yfirsýn um þróun

¹. Heimild: Ferðamálastofa www.ferdamalastofa.is

í fjölda ferðamanna til Vestmannaeyja á þeim tíma. Jafnframt að afla gagna með tveimur vettvangskonnum sumarið 2012; annars vegar meðal innlendra og erlendra ferðamanna á leið frá Eyjum og hins vegar meðal íbúa í Vestmannaeyjum.

Með þessu móti á að fást góð mynd af þróun og stöðu ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum, hegðun og viðhorfum gesta og skoðunum heimamanna. Slíkar mælingar eru afar gagnlegar öllum þeim sem koma að einhverjum hætti að ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum: bæjaryfirvöldum, ferðaþjónustuaðilum, áhugafólki um ferðamál o.fl. Nú geta þessir aðilar gert sér betri grein fyrir umfangi ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum, veikleikum, styrkleikum og tækifærum til þróunar og nýsköpunar í þessari ört vaxandi atvinnugrein. Slíkar upplýsingar um gesti í Vestmannaeyjum eru jafnframt afar mikilvægur grunnur þegar unnið er að framtíðarstefnumótum í ferðamálum fyrir sveitarfélagið.

2.0 Ferðamenn í Vestmannaeyjum 2004-2012




Ánægðir ferðamenn eftir bátsferð umhverfis Heimaey.

Niðurstöður kannana RRF og fleiri sýna að bæði innlendum og erlendum ferðamönnum í Vestmannaeyjum fjölgaði verulega frá árinu 2004 og til 2012. Þannig jókst hlutfall Íslendinga sem heimsóttu Eyjar úr um 8% árið 2004 í 13% árið 2012. Af þeim erlendu ferðamönnum sem komu til Íslands árið 2004 heimsóttu 3,2% Vestmannaeyjar, en það hlutfall var nær tvöfalt hærra árið 2012, eða 6,3%. Þetta má sjá betur á mynd 2.1.²

Mynd 2.1

Hlutfall Íslendinga og erlendra gesta á Íslandi sem heimsóttu Vestmannaeyjar 2004-2012




Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga að Íslendingum fjölgaði úr um 290 þúsund árið 2004 í um 320 þúsund árið 2012, eða í kringum 10%. Á sama tíma fjölgaði erlendum ferðamönnum sem komu hingað með flugi eða ferjunni Norrænu úr um 370 þúsund árið 2004 í um 675 þúsund árið 2012, eða um 82%.

² Þessar hlutfallstölur hvað Íslendinga varðar eru áætlaðar fyrir árin 2006, 2007, 2008 og 2013 og þar stuðst við reynslutölur annarra ára, einnig 2001, 2002 og 2003, þróun á farþegafjölda með Herjólfri og umferðatalningar Vegagerðarinnar. Niðurstöður símakannana á ferðavenjum Íslendinga árið 2001, 2002 og 2003 gáfu þá niðurstöðu að 8,1-9,6% landsmanna (18-75 ára) hefðu lagt leið sína til Eyja þessi ár og benda því til að áætlanir fyrir 2006-2008 séu fremur varfærnar.

Þegar þessi fjölgun Íslendinga og erlendra gesta á Íslandi 2004-2012 er tekin með í reikninginn má lauslega áætla að Íslendingum sem heimsóttu Eyjar hafi fjölgað úr 22 þúsund árið 2004 í 39 þúsund árið 2012 eða um 77%. Munar þar mestu um mikla fjölgun frá árinu 2010, með tilkomu Landeyjarhafnar. Þá er áætlað að erlendum ferðamönnum á þessu átta ára tímabili hafi fjölgað úr 12 þúsund árið 2004 í 41 þúsund árið 2012, eða um 350%. Þar er fjölgunin einnig mest frá og með árinu 2010.

Mynd 2.2 Áætlaður fjöldi Íslendinga og erlendra ferðamanna sem heimsóttu Vestmannaeyjar 2004-2012³



Þá sýna mælingar að 70-75% erlendra ferðamanna koma til Vestmannaeyja yfir sumarmánuðina þrjá, júní til ágúst, en 25-30% hina níu mánuði ársins. Þá virðist sem um 70% erlendra gesta í Vestmannaeyjum séu í ferð á eigin vegum en í kringum 30% í skipulagðri hópferð.

Þá ber að taka fram að þessum áætlunum um fjölda Íslendinga til Eyja er ekki tekið með í reikninginn að allmargir þeirra koma þangað oftast en einu sinni á ári. Í símakönnunum RRF vegna árána 2001-2004 var einnig spurt „hve oft“ gestir í Eyjum hefðu farið þangað á liðnu ári. Var niðurstaðan 1,3-1,4 skipti meðal þeirra sem höfðu farið til Eyja í 1 til 5 skipti á liðnu ári. Séu þær niðurstöður yfirfærðar á síðasta ár og lægri talan notuð (1,3 skipti) er niðurstaðan sú að um 39 þúsund Íslendingar hafi komið til Eyja árið 2012 í alls 51 þúsund heimsóknum.

Inni í tölunum um fjölda erlendra ferðamanna til Vestmannaeyja vantar síðan gesti skemmtiferðaskipa. Árið 2012 komu t.d. 17 skemmtiferðaskip til Eyja með alls um 4.700 farþega.⁴

Að öllu samanlögðu má áætla að 85 þúsund gestir hafi komið til Vestmannaeyja árið 2012 í alls 97 þúsund heimsóknum.

³. Gestir með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir.

⁴. Heimildarmaður: Andrés P. Sigurðsson.

3.0 Vettvangskönnun: erlendir og innlendir ferðamenn í Vestmannaeyjum sumarið 2012

3.1 Kyn, aldurshópar, menntun og búseta


Konur voru 59% svarenda meðal Íslendinga í könnuninni og karlar 41%. Meðal erlendra gesta var kynjaskiptingin jöfn.

Erlendir ferðamenn voru hlutfallslega mun fjölmennar í aldurshópnum 16-35 ára en Íslendingar meðal þeirra sem voru 36-55 ára. Meðalaldur Íslendinga og erlendra gesta í könnuninni var þó mjög svipaður, eða um 45 ár.

Hins vegar voru erlendu gestirnir að jafnaði með umtalsvert lengri skólagöngu að baki en Íslendingar. Þannig voru einungis 10% erlendu gestanna með innan við fjögurra ára menntun eftir grunnskóla en 23% Íslendinga.

Talsverður munur var á tekjum Íslendinga og erlendra ferðamanna. Þannig töldu 56% erlendra gesta sig hafa háar eða fremur háar tekjur miðað við meðallaun í sínu heimalandi en einungis 18% Íslendinga töldu sig svo vel stadda.

Mynd 3.1 Kyn, aldur, menntun og tekjur




78% Íslendinga voru búsettir á Reykjavíkursvæðinu en 22% á landsbyggðinni.



Séð að miðbænum.

23% erlendu þátttakendanna voru frá Norður-Ameríku og sama hlutfall Norðurlandabúar, 20% frá Mið-Evrópu, 17% frá Suður-Evrópu, 7% frá Bretlandseyjum eða utan helstu markaðssvæða og 3% frá Benelux löndunum.


Mynd 3.2



3.2 Áður til Íslands og til Vestmannaeyja

86% Íslendinganna höfðu komið áður til Vestmannaeyja en 14% ekki. Þá höfðu 22% erlendra þátttakenda í könnuninni komið áður til Íslands og 6% höfðu komið áður til Vestmannaeyja.

Mynd 3.3



Erlendu endurkomugestirnir höfðu að meðaltali komið í 4,3 skipti til Íslands og í 2,5 skipti til Vestmannaeyja. Íslendingarnir höfðu að jafnaði komið í 8,3 sinnum áður til Vestmannaeyja - nær 60% þeirra í eitt til fjögur skipti.


3.3 Ferðamáti og föruneysi



Vinkonur í heimsókn í Vestmannaeyjum.

89% Íslendinga og 65% erlendra þátttakenda í könnuninni voru í ferð á eigin vegum. 15% erlendu gestanna voru í ferð sem var að hluta skipulögð af öðrum (s.s. gisting og/eða bílaeigubíll) og 20% í hópferð. Helmingur Íslendinganna voru með börn í föruneysi sínu en erlendir gestir voru mest með maka (44%) eða vinum (28%) í för.⁵

Mynd 3.4




3.4 Upplýsingaöflun fyrir ferð

86% erlendra ferðamanna og 49% Íslendinga sumarið 2012 höfðu leitað sér upplýsinga um Vestmannaeyjar áður en þeir komu þangað. Erlendir ferðamenn fengu helst upplýsingar um Eyjar í ferðahandbókum (65%) en síðan á Internetinu (40%) eða hjá vinum/fjölskyldu (24%). Íslendingar fengu helst upplýsingar um Vestmannaeyjar hjá vinum/fjölskyldu (32%) og á Internetinu (30%) en síðan á vefsíðu Vestmannaeyja (15%).

⁵. Auk þess nefndu 6% erlendra gesta og 2% Íslendinga að þeir hefðu verið í annars konar föruneysi en hér er nefnt. Þannig voru um 19% Íslendinga og 8% erlendra ferðamanna í blönduðu föruneysi og samanlagðar hlutfallstölur því 119% hjá Íslendingum og 108% hjá erlendum gestum.

Mynd 3.5



Þeir sem höfðu aflað upplýsinga um Vestmannaeyjar á Internetinu voru spurðir nánar hvar þær upplýsingar hefðu verið fengnar. 27 erlendir gestir og 18 Íslendingar gáfu það upp.

Íslendingar
<u>Nefnt tíu sinnum:</u> vestmanneyjar.is
<u>Nefnt sjö sinnum:</u> google (Vestmannaeyjar)
<u>Nefnt tvisvar:</u> herjolfur.is
<u>Auk þess nefnt:</u> facebook - golf.is - dalurinn.is
Erlendir gestir
<u>Nefnt sex sinnum:</u> google (Vestmannaeyjar)
<u>Nefnt tvisvar:</u> vestmannaeyjar.is - tripadvisor.com - wikipedia.org - grayline.is - visiticeland.com - ýmsar vefsíður - iceland.is - lonelyplanet.com
<u>Auk þess nefnt:</u> adventure.is - blogg frá öðrum - eimskip.is - extremeiceland.is - vefir ferðaskrifstofa - icelandair.is


3.5 Dvalarlengd, gistinætur og gistimáti í Vestmannaeyjum

75% erlendra ferðamanna í könnuninni komu til Vestmannaeyja í dagsferð en 25% gistu þar að jafnaði í 1,7 nætur af alls 12,2 náttu meðaldvöl á Íslandi. Þá komu 68% Íslendinganna í dagsferð til Eyja en 32% gistu þar að jafnaði í 3,2 nætur.⁶ Þá kváðust 41% af innlendu þátttakendum gista eitthvað á Íslandi í ferðinni, að jafnaði í 5,7 nætur. Auk þess má lesa út úr svörum um hvar fólk gisti síðustu nótt eða ætlaði að gista næstu nótt - að nær 20% til viðbótar gistu í eigin eða leigðu sumarhúsi á Suðurlandi og komu þaðan í dagsferð til Eyja.

⁶. Í þessum útreikningum eru teknir með allir þeir sem gistu 30 nætur eða skemur. Af þeim gisti einn í 30 nætur, annar í 22 nætur en aðrir mun skemur. Einn gisti í 90 nætur - en sá var að vinna í Eyjum.


Í heildina tekið er niðurstaðan því sú að 32% innlendra gesta í könnuninni gistu í Eyjum síðustu nótt sína, 28% gistu annars staðar utan heimilis, flestir í bústað á Suðurland, en 40% voru í dagsferð að heiman (sjá nánar í kafla 3.6).

Mynd 3.6



54% innlendra næturgesta í könnuninni gistu hjá vinum, 15% á tjaldsvæði, 12% á gistiheimili, 10% á hóteli og sama hlutfall í annars konar gistingu. Hins vegar nýttu 41% erlendra næturgesta sér hótél, 29% gistiheimili, 26% tjaldsvæði, 6% farfuglaheimili og 4% voru hjá vinum.

Mynd 3.7




Þeir Íslendingar sem gistu í annars konar gistingu dvöldu að jafnaði lengst í Eyjum, eða 6,8 nætur, en því næst þeir sem gistu hjá vinum eða ættingjum, í 3,9 nætur að jafnaði.⁷ Þeir erlendu gestir sem gistu hjá vinum gistu lengst, eða 3,5 nætur að jafnaði. Meðalgistináttafjöldi svarenda á tjaldsvæðinu, gistiheimili, hóteli eða farfuglaheimili var hins vegar á bilinu 1-2 nætur.

⁷. Hér er ekki meðtalinn sá svarandi sem dvaldi í Eyjum í 90 nætur og gisti í heimahúsi við vinnu í Eyjum. Þá ber að taka þessar niðurstöður með miklum fyrirvara þar sem fá svör eru á bakvið hvern gistimáta, síst þó hjá Íslendingum sem gistu hjá vinum eða ættingjum (31 svar) og erlendum ferðamönnum sem gistu á hóteli (21 svar).

3.6 Gististaðir síðustu og næstu nótt


Það er áhugavert að þekkja betur ferðamynstur viðskiptavina sinna. Því var í könnuninni spurt hvar fólk hefi gisti síðustu nótt og einnig hvar það áformaði að gista næstu nótt. Eins og við var að búast var mikill munur á Íslendingum og erlendum gestum hvað þetta varðar. Þannig gistu 40% Íslendinga heima hjá sér síðustu nótt en 32% gistu í Eyjum. Þá gistu 15% í Árnassýslu og 10% Rangárvallasýslu síðustu nótt, flestir þeirra í eigin sumarhúsum eða leigðum. 27% erlendu gestanna dvöldu á höfuðborgarsvæðinu síðustu nótt, 25% gistu í Eyjum, 22% í Rangárvallasýslu, 17% í Árnassýslu og 8% í Vestur-Skaftafellssýslu.

Mynd 3.8



68% Íslendinga ætluðu að gista heima næstu nótt en 11% ætluðu að gista í Árnassýslu og 9% í Rangárvallasýslum (mest í bústöðum). 48% erlendu gestanna ætluðu að gista á höfuðborgarsvæðinu næstu nótt en 22% í Rangárvallasýslu, 18% í Árnassýslu og 8% í Vestur-Skaftafellssýslu.

Mynd 3.9



3.7 Staðir sem skoðaðir voru


Í vettvangskönnuninni var meðfylgjandi kort af Heimaey með 14 stöðum merktum inn og spurt hvort fólk hefði komið þar við í ferð sinni um eyjuna.

Íslendingar fóru helst í Herjólfsdal (70%), síðan á Vigtartorg (57%) og að Skansinum (54%), Spröngunni (50%), Stórhöfða (47%) og Eldfelli (46%).

Erlendir ferðamenn fóru hins vegar mest að Eldfelli (67%) og Vigtartorgi (57%), en síðan að Skansinum (48%), Herjólfsdal (39%), Stórhöfða (37%) og Spröngunni (35%). Komur að Eldfelli endurspeglar mikinn áhuga erlendra ferðamanna í könnuninni á Heimaeyjargosinu 1973 og á jarðsögu Vestmannaeyja almennt.

Mun eða nokkru hærra hlutfall Íslendinga en erlendra gesta fóru því í Herjólfsdal, að Spröngunni, upp á Stórhöfða og að Guðlaugsbaðkari.


Heimaey og staðir sem spurt var um



Kort: Skrifstofa skipulags- og byggingafulltrúa Vestmannaeyjabæjar.

Mynd 3.10

Staðir sem skoðaðir voru




3.8 Afþreying

Íslendingar og erlendir ferðamenn í Vestmannaeyjum sumarið 2012 áttu það sammerkt að stunda mikið náttúruskoðun, heimsækja Pompeii norðursins og fara í styttri göngur (1-3 klst).

Að ýmsu öðru leyti var afþreying innlendra og erlendra ferðamanna í Vestmannaeyjum býsna ólík. Á það t.d. við um fuglaskoðun sem meira en fjórfalt fleiri ferðamenn stunduðu (50%) en Íslendingar (12%). Eins voru erlendu gestirnir margfalt líklegri til að fara í bátsferð (32%), rútuferð (23%) eða fjörugöngu (22%) en Íslendingar (4-10%). Landsmenn fóru á hinn bóginn miklu frekar í sund (30%) eða í golf (8%) en erlendu gestirnir (5% og 1%) og voru einnig talsvert líklegri til að leggja leið sína í Fiska-og náttúrugripasafnið (19%) eða í gallerí/handverksmiðstöð (18%) heldur en útlendingarnir (9% og 13%)

Mynd 3.11 Afþreying/staðir heimsóttir í Vestmannaeyjum



56 Íslendingar og 13 erlendir ferðamenn nefndu annað sem þeir höfðu gert í heimsókn sinni til Eyja. Íslendingar nefndu oftast bílferð um Heimaey eða út að borða (7 manns hvort atriði), spranga (6), á kaffihús og göngutúr um bæinn (4), skoðað Herjólfsdal, Landakirkju eða Skansinn, þ.e. stafkirkjuna og Landlyst (3). Erlendi gestir nefndu oftast bílferð (4) og göngu á Eldfell (3).

3.9 Álit á þáttum er tengjast ferðapjónustu í Vestmannaeyjum




Ráðhús Vestmannaeyja með Eldfell í baksýn.

Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að gefa ellefu þáttum er tengjast ferðapjónustu í Vestmannaeyjum einkunn á bilinu 1-10.

Viðmót íbúanna og síðan Vestmannaeyjar í heild fengu bestu meðaleinkunnina hjá þeim Íslendingum sem afstöðu tóku (8,9) en síðan persónuleg þjónusta starfsfólks og söfn/sýningar í Eyjum (8,4) og þá hreinleiki bæjarins (8,1). Hótel/gistiheimili fengu hins vegar lökustu dómana (7,3).

Meðal erlendra gesta sem töldu sig dómbæra á þessa þætti fékk viðmót heimamanna bestu einkunnina (8,8) en síðan hreinleiki bæjarins (8,7), Vestmannaeyjar í heild (8,6), tjaldsvæðið (8,5) og persónuleg þjónusta. Verslanir fengu hins vegar áberandi lægstu einkunnina (6,6).

Mynd 3.12 Álit á þáttum er tengjast ferðapjónustu í Vestmannaeyjum
meðaleinkunnir þeirra sem afstöðu tóku






Við fræðsluskilti á Stórhöfða.

Stór hluti svarenda var ekki dómbær á þjónustuna. Þannig gátu 80-91% ekki dæmt um gæði hótela/gistiheimila eða tjaldsvæðisins og 71% ekki um söfn/sýningar í Eyjum. Þá töldu 88% Íslendinga en 45% erlendra gesta sig ekki dómbæra á upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn. Um og yfir helmingur gat ekki dæmt um gæði verslana. Erlendir ferðamenn töldu sig síður dómbæra á persónulega þjónustu, viðmót íbúa og veitingahús í Eyjum (39-50%) en innlendir gestir (24-26%). Fáir sögðu hins vegar "pass" þegar kom að því að meta Vestmannaeyjar í heild og hreinleika bæjarins (13-17%).


Mynd 3.13 Ekki dómbær á þætti ferðaþjónustu í Eyjum



3.10 Það sem vakti áhugann á Vestmannaeyjum

91% erlendra þátttakenda í könnuninni svöruð því hvað hefði vakið áhuga þeirra á Vestmannaeyjum. Flestir þeirra nefndu Eldfell/eldfjallið (25%) en síðan lunda (18%), Heimaeyjargosið 1973 og sögu þess (15%) og fallega náttúru/landslag (11%). Þá nefndu allmargir fugla almennt (6%) og sögu Vestmannaeyja (5%).

Mynd 3.14 Það sem vakti áhuga á Vestmannaeyjum



Annað sem vakti áhuga á Vestmannaeyjum

Nefnt 3-4 sinnum: Surtsey/Surtseyjarstofa, jarðsagan, Pompeii norðursins, forvitni, ferðahandbók, Eyja/heimsækja íslenska eyju, göngumöguleikar, Heimaey, bók um Ísland, friðsældin, ferðaskrifstofa.

Nefnt tvisvar: höfnin, fólkíð/líf þess, litadýrðin, úteyjarnar, passleg dagsferð frá Reykjavík, bátsferð, ferðabæklingar, einstök/sérstök eyja, myndir frá Heimaey, blaðagrein, dýralífið, gott veður.

Auk þess nefnt: golfaðstaðan, Landeyjarhöfn, langaði (hef aldrei komið), húsin, komið áður (langaði aftur), kom áður með skipi, upplýsingamiðstöð, allt við Eyjar, afskekkt, saum ljósín í Eyjum úr landi að kvöldlagi, National Geographic, fjöllin, hellarnir, rifin, nálægt Þórsmörk, Rib-safari, fallegasta tjaldsvæði landsins, útsýnið, hraun, Helgafell.


3.11 Ástæður fyrir heimsókn til Vestmannaeyja

96% Íslendinga og 88% erlendra ferðamanna í könnuninni gáfu upp helstu ástæður fyrir heimsókn sinni til Vestmannaeyja og var mikill munur á hópunum.

Þannig komu Íslendingar helst til að skoða Eyjar/Heimaey (23%), heimsækja vini/ættingja (20%), í skemmtiferð (17%), fjölskylduferð (10%) og í sumarfríi/fríi (9%). Erlendir gestir komi hins vegar helst til að skoða Eldfell (29%), lunda (22%), náttúru/landslag í Eyjum (20%), til að fræðast um Heimaeyjargosið 1973 (11%) og til að skoða fugla (ekki bara lunda).

Mynd 3.15

Ástæður fyrir heimsókn til Vestmannaeyja



Auk þess var eftirtalið nefnt sem ástæða fyrir heimsókn til Vestmannaeyja:


Íslendingar
<p><u>Nefnt 3-4 sinnum:</u> brúðkaup/afmæli, slappa af, skoða æskuslóðir.</p> <p><u>Nefnt tvisvar:</u> mælt með af öðrum, hluti af Íslandsferð, Landeyjarhöfn, stunda afþreyingu, fara í sund með börnin, jarðarför, tilbreyting - prófa eitthvað nýtt.</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> skoða Eldfell, fræðast um Heimaeyjargosið 1973, hópferð, höfðum aukadag, fara í Krónuna, fræðast, fara út í Brand, skoða hraunið, í bátsferð með Víking, kynnast Eyjamönnum og lífi þeirra, fyrir fegurðina.</p>
Erlendir ferðamenn
<p><u>Nefnt 3-4 sinnum:</u> tengsl við Eyjar, hópferð, gott veður, sjá Pompeii, höfðum aukatíma, fræðast, skoða hraunið, í bátsferð umhverfis Eyjar, kynnast fólkinu og lífi þess.</p> <p><u>Nefnt tvisvar:</u> upplýsingar úr ferðahandbók, utan alfaraleiðar, stutt frá Reykjavík, upplifa útsýnið.</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> spila golf, Landeyjarhöfn, aldrei komið - lengi langað, dagsferð, slappa af, sjónvarpsþáttur, kynnast sjálfstæðu samfélagi, upplifa fegurðina, friðsælt, tilbreyting - prófa nýtt, sjá fuglabjarg.</p>

3.12 Efst í huga varðandi Vestmannaeyjar

94% Íslendinga og 93% erlendra ferðamanna í könnuninni nefndu hvað þeim væri efst í huga varðandi Vestmannaeyjar. Var umtalsverður munur á svörum þeirra.

Þannig nefndu Íslendingar mest Þjóðhátíð í Eyjum (27%), náttúrufegurðina (26%) og Heimaeyjargosið 1973 (20%) en síðan útgerðarbær/fisk og lunda (11%). Erlendu ferðamennirnir nefndu helst Eldfell/eldfjallið (42%) en síðan lunda (26%), náttúrufegurðina (19%), Heimaeyjargosið 1973 (15%) og fugla (11%).

Mynd 3.16 Efst í huga varðandi Vestmannaeyjar



Auk þess var eftirtalið ofarlega huga í svarenda þegar Vestmannaeyjar voru nefndar:

Íslendingar
<u>Nefnt 3-4 sinnum:</u> vindurinn, mannlífið, Heimaey í heild sinni, klettur, komast aftur heim, Árni Johnsen, samveran með fjölskyldunni.
<u>Nefnt tvisvar:</u> friðsælt, sund, Tyrkjaránið, margt að skoða, ÍBV.
<u>Auk þess nefnt:</u> einangrunin, fallegt útsýni, bræðslulykt, gott loft, fjölskyldusaga, versla, bátar, vont veður, vinalagt, kjötsúpa, gestrisni, bátsferð, góðar minningar, best!, Guðlaugs-sundið, Keikó, fornar heimaslóðir, björt sumarnóttin, íþróttir, gott veður, sagan, frelsið, góður matur, Landeyjarhöfn, fótbolti, eyjan Brandur, fjöllin.

Erlendir ferðamenn

Nefnt 3-4 sinnum: sagan, hrikaleikinn, Surtsey, klettur, friðsælt, bátar, Heimaey í heild sinni, einangrunin, ströndin, eldvirkt svæði, vindasamt.

Nefnt tvisvar: fallegar konur, einstakur staður, bátsferð, gönguferð, sjórinn.


Auk þess nefnt: hellar, dýralíf, bræðslulykt, Rib-safari, fjallganga, bók eftir Yrsu Sigurðardóttur („Feuernacht“), slæm þjónusta, rýming bæjarins 1973, litadýrðin, form landsins, sá ekki lunda, gott veður, söfnin, góð þjónusta, góður matur, samvera með fjölskyldu, Helgafell, höfnin, bærinn, tjaldsvæðið, frelsið.

3.13 Jákvæðast við heimsóknina til Vestmannaeyja

89% Íslendinga og 81% erlenda ferðamanna nefndu það sem þeim þótti jákvæðast við heimsóknina til Vestmannaeyja. Íslendingar nefndu langoftast gott veður (42%) en síðan náttúruferðina (18%), að ferðin hefði verið góð og góðan félagsskap (9%). Erlendu ferðamennirnir nefndu langoftast náttúruferðina sem það jákvæðasta við Vestmannaeyjar (33%), en síðan útsýnið (12%), gott veður (10%) og gott viðmót íbúa (9%).

Mynd 3.17

Jákvæðast við heimsóknina til Eyja



Þá var eftirtalið einnig nefnt sem það jákvæðasta við Vestmannaeyjar:

Íslendingar
<p><u>Nefnt 3-4 sinnum:</u> góður leiðsögumaður, borða á Slippnum, gestrisni, kynast Eyjum.</p> <p><u>Nefnt tvisvar:</u> afslappandi, góð þjónusta, ganga á Eldfell, Rib-safari, skemmtilegt, sigur í fótboltaleik, maturinn á Einsa kalda, mikil saga, stutt að sigla frá Landeyjarhöfn, mannlífið, ganga á Heimaklett.</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> friðsæld, góð rútuferð, auðvelt að komast til Eyja, góðar gönguleiðir, hlaða batterín, fiskaði vel, þegar Krulli setti niður 100 m högg, mikil uppbygging, Vigtartorgið, hjóla um Heimaey, að finna Gaujulund, vel merkt, skoða fyrirtæki, gott kaffi, auðvelt að rata, hreinleiki, Surtseyjarstofa, skoða Eyjarnar, skoða Herjólfsdal, skoða Pompeii.</p>
Erlendir ferðamenn
<p><u>Nefnt 3-4 sinnum:</u> góð rútuferð, Eldfell, hreint loft, jarðsagan, hreinleiki, mikilfenglegt.</p> <p><u>Nefnt tvisvar:</u> skynja kraft náttúrunna, einstakur staður, hraunið, auðvelt að komast til Eyja, skemmtilegt, lærði mikið, mikil saga, frelsið, frábært tjaldsvæði, mannlífið, allt.</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> góð ferð, afslappandi, góð þjónusta, segway ferð, hitta vini, vera með fjölskyldunni, góður félagsskapur, tvö eldfjöll, óspillt, keypti vatnslitasmynd af Heimaey, sjómennirnir, sjá höfnina, sundlaugin, góður matur, gestrisni, sitja á eldfjallinu, Helgafell, Surtseyjarstofa, söfn, Grill 900, margt að gera, fallegur bær, litadýrð í hellunum.</p>

3.14 Neikvæðast við heimsóknina til Vestmannaeyja

35% Íslendinga og 46% erlendra ferðamanna í könnuninni nefndu eitthvað sem þeir töldu vera neikvætt við Vestmannaeyjar.


Svörin dreifðust mjög en Íslendingar nefndu oftast neikvæða upplifun af þjónustu eða mat á veitingahúsum í Eyjum (14%),⁸ bræðslulykt (12%) eða leiðinlegt veður (oftast rok). Erlendir ferðamenn nefndu hins vegar oftast að merkingar væru slæmar (19%), slök ferðamannakort/-bæklinga af Heimaey/kaupstaðnum (15%), leiðinlegt veður (rok - rigningu) og bræðslulykt (9%).



Lundaréttur á veitingastað í Eyjum.

⁸. Hér er safnað saman öllum neikvæðum athugasemdum um matsölustaði í Eyjum í könnuninni. Nánari sundurliðun á þeim svörum koma fram í töflunni á næstu síðu.

Mynd 3.18



Þá var eftirtalið einnig nefnt sem neikvætt við Vestmannaeyjar:

Íslendingar
<p><u>Nefnt tvisvar:</u> lélegar merkingar, hátt verðlag, þjónustan/matur á Slippnum, óhöpp sem við lentum í, hraðakstur í bænum, Rib safari aflýst vegna bilunar - ekkert boðið í staðinn, sein þjónusta á veitingastöðum, óöryggi í samgöngum, erfitt að finna ís.</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> slakt kort um gönguleiðir, langt frá Reykjavík, vantar meira úrval bátsferða, engin fiskbúð, vondur matur, 16. hola, tapaði, vantar sjóskiði, stuttur opnunartími safna, ófært frá Eyjum, mikið af útlendingum, vantar betri upplýsingar um afþreyingarmöguleika, vantar meiri upplýsingar um Eyjar um borð í Herjólfí, lélegt geymslupláss um borð í Herjólfí, vantar upplýsingar um fjöll og kletta sem gott er að klifra í, enginn matur á Kaffi Krók kl. 14.00 (hádegisd búíð), vantar leikvelli fyrir börn, sólin hverfur of fljótt úr Dalnum, hvergi hægt að fá góðan morgunmat á sunnudagsmorgni, vesen að komast með bílinn, komast til baka, vantar vespuleigu, köld súpa á Vinaminni, fékk tvívegis hár í matinn á veitingastöðum, vantar meiri afþreyingu, mikil bílaumferð, vonbrigði með veitingastaðinn, Pizza '67, vantar töskugeymslu, vantar barnakerruleigu, of fáar handverksbúðir.</p>
Erlendir ferðamenn
<p><u>Nefnt þrisvar sinnum:</u> rusl í náttúrunni, uppselt í bátsferð.</p> <p><u>Nefnt tvisvar:</u> engin bíósýning, fann ekki Pompeii norðursins, langt frá Reykjavík, hátt verðlag, slæm merking gönguleiða, vondur matur, mikil bílaumferð, sjóveiki, upplýsingamiðstöðin, úreltur kynningarbæklingur, uppselt í bátsferðina (Viking).</p> <p><u>Auk þess nefnt:</u> eldgosamyndin ófáanleg, Kaffi Kró, sólarlaust, þjónusta á veitingastað, aðrir ferðamenn, líkist draugabæ, of margir hamborgarastaðir, vöntun á veitingastöðum, frekir Danir, uppþrengjandi drukkið fólk, vantar hágæða gististað, vantar meira úrval bátsferða, þjónustan á Café María, ekki pláss fyrir bílinn í ferjunni, litlar upplýsingar um gosið 1973, viðmót sumra heimamanna, sumar verslanir lyktuðu illa, enginn ís á kaffihúsinu/bakarínu, að lundinn sé borðaður, menguð strönd, seinkun Herjólfss, sein þjónusta á veitingastað, kalt, að nota nafnið Pompeii norðursins (stendur ekki undir því), engar upplýsingar um verslanir, arkitektúrinn, tungumálaörðugleikar, allt lokað þegar við komum kl. 17.00, merkingar við Eldfell, fiskasafnið óhreint/bæta vatnstankana, lítið um fallegar konur, hávaði frá höfninni, óskipulögð ferð, of margir barir, of mikil ferðamennska, handverksbúð lokuð, vantar skipulagðar skemmtanir fyrir ferðamenn á kvöldin.</p>

3.15 Álit á þjónustu Herjólfss




Herjólfur við bryggju í Eyjum.

Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að gefa ellefu þáttum er tengjast þjónustu Herjólfss einkunn á bilinu 1-10. Siglingaáætlun Herjólfss fékk hæstu meðaleinkunnina meðal þeirra Íslendinga sem afstöðu tóku (8,7) en síðan viðmót starfsfólks (8,5). Veitingar um borð fengu hins vegar lökustu dómanna (7,4).

Meðal erlendra gesta sem töldu sig dómbæra á þessa þætti fékk hreinlæti um borð bestu einkunnina (8,4) en síðan viðmót starfsmanna (8,3) og Herjólfur í heild (8,2). Vefsíða Herjólfss (6,7) og veitingar um borð (6,4) fengu hins vegar lökustu einkunnirnar.


Mynd 3.19

Álit ýmsum þáttum í þjónustu Herjólfss
meðaleinkunnir þeirra sem afstöðu tóku



Stór hluti svarenda taldi sig ekki geta dæmt um suma þætti í þjónustu Herjólfss. Á það einkum við veitingar um borð, vefsíðu Herjólfss, viðmót starfsfólks og bókunarkerfið þar sem meirihluti erlendra gesta merkti við "veit ekki" og 30-50% Íslendinga. Mikill meirihluti taldi sig hins vegar geta dæmt um aðra þætti í þjónustu Herjólfss, þ.e. verð fargjalda, Herjólfur í heild, siglingaáætlun, aðbúnað og hreinlæti um borð.

Mynd 3.20



3.16 Tekið þátt í Þjóðhátíð?




Frá Þjóðhátíð.

Mynd: ÍBV

53% Íslendinga í könnuninni höfðu tekið þátt í Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, að meðtali í 7,6 skipti hver. 27% þeirra höfðu tekið þátt einu sinni, 37% í 2-4 skipti, 18% í 5-10 skipti og 18% oftar en 10 sinnum.

Mynd 3.21



3.17 Útgjöld í Vestmannaeyjum


308 þátttakendur, 178 erlendir gestir og 130 Íslendingar, sundurliðuðu útgjöld sín í Vestmannaeyjum eða um 67% þátttakenda. Samkvæmt þeim svörum voru dagleg meðalútgjöld erlendra gesta um 11.700 kr á mann og Íslendinga um 10.600 kr á mann.

Mikill munur var á útgjöldum næturgesta og dagsgesta. Þannig voru meðalútgjöld erlendra næturgesta í Eyjum um 17.500 kr á sólarhring en erlendra dagsgesta um 9.700 kr. Eins og áður greinir dvöldu erlendir næturgestir að jafnaði 1,7 nótt í Eyjum. Því má áætla meðalútgjöld hvers erlends næturgests í Eyjum sumarið 2012 í kringum 30.000 kr eða um þrefalt hærri en meðal hvers erlends dagsferðamanns.

Þá voru meðalútgjöld innlendra næturgesta í Eyjum um 14.900 kr á sólarhring, samkvæmt könnuninni, en um 8.800 kr meðal innlendra dagsgesta. Samkvæmt áðursögðu var meðaldvöl innlendra þátttakenda í könnuninni 3,2 nætur í Eyjum. Því má áætla meðalútgjöld hvers innlends næturgests í Eyjum sumarið 2012 í kringum 48.000 kr eða fimm til sex sinnum hærri en meðal hvers erlends dagsferðamanns.⁹

Það er því mikið hagsmunamál ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum að fjölga næturgestum þar sem þeir skilja margfalt meiri tekjum til samfélagsins en dagsgestir.

Mynd 3.22



Samkvæmt þessu má einnig lauslega áætla að hver erlendir gestur sem lagði leið sína til Vestmannaeyja sumarið 2012 hafi eytt þar um 12.000 kr að meðaltali en hver Íslendingur um 22.000 kr á mann, aðrir en þjóðhátíðargestir. Sérstök könnun var gerð á meðal 300 þjóðhátíðargesta á leið frá Eyjum í ágúst 2012. Niðurstaðan var sú að meðalútgjöld þeirra í Eyjum voru í kringum 60 þúsund kr á mann þann tíma sem þeir dvöldu í Eyjum (um þrjár nætur að jafnaði).¹⁰ Í kafla 2.0 er áætlað að 39 þúsund Íslendingar hafi komið til Vestmannaeyja árið 2012 í alls 51 þúsund heimsóknum og síðan 41 þúsund erlendir gestir með Herjólfli eða flugi, auk um 5 þúsund


⁹. Varast ber að taka þessar tölur of hátíðlega þar sem fráviksmörk eru veruleg. Þær eiga þó að gefa góða vísbendingu um útgjöld ferðamanna í Eyjum sumarið 2012.

¹⁰. Heimild: Gestir á Þejumóti, Shellmóti og Þjóðhátíð 2012. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar fyrir ÍBV íþróttafélag. Október 2012.


gesta með skemmtiferðaskipum. Um 10 þúsund þjóðhátíðargestir komu ofan landi á hátíðina 2012, eða um fjórðungur innlendra gesta til Eyja á liðnu ári. Til að fara varlega verða meðal-útgjöld þjóðhátíðargesta hér sett í 50 þúsund kr á mann. Samkvæmt því má áætla útgjöld innlendra gesta Eyjum um 1,4 milljarða króna árið 2012, þar af 500 milljónir meðal þjóðhátíðargesta og 900 milljónir meðal annarra innlendra gesta (41 þúsund heimsóknir). Þá má áætla útgjöld erlendra ferðamanna í Eyjum ríflega 500 milljónir, að meðtöldum útgjöldum gesta skemmtiferðaskipa. Heildarútgjöld innlendra og erlendra ferðamanna í Eyjum eru því lauslega áætluð um 1,9 milljarður árið 2012. Það þýða útgjöld uppá 450 þúsund krónur á hvern íbúa í Vestmannaeyjum (um 4.200 íbúar).

Einnig er forvitnilegt að skoða hvers konar munur er á eyðslumynstri innlendra og erlendra ferðamanna í Vestmannaeyjum. Í myndum 3.23 og 3.24 er þetta skoðað, annars vegar hjá næturgestum og hins vegar dagsgestum. Í báðum tilvikum eyða Íslendingar að jafnaði nokkru hærri upphæðum í veitingar - en erlendir ferðamenn meira en Íslendingar í afþreyingu, eldsneyti og mun meiru í gistingu (næturgestir), enda gista Íslendingar mikið hjá ættingjum og vinum í Eyjum.

Mynd 3.23 Dagleg útgjöld næturgesta í Eyjum - sundurliðuð



Mynd 3.24 Útgjöld dagsgesta í Eyjum - sundurliðuð




4.0 Íbúar í Vestmannaeyjum 2012

4.1 Kyn, aldur, menntun og föruneyti

Svo sem fram kom í inngangi fengust 172 svör meðal Íbúa í Eyjum um borð í Herjólfri sumarið 2012. Þar af voru konur 64% svarenda en karlar 36%. Meðalaldur þátttakenda var 44 ár og rúmlega helmingur þeirra á aldursbilinu 36-55 ára.¹¹


Mynd 4.1



4.2 Lengd búsetu í Vestmannaeyjum

Flestir þátttakenda höfðu búið lengi í Vestmannaeyjum og stór hluti alla ævi. Þannig var meðalbúseta í Eyjum 34 ár, aðeins 10 árum skemmri en meðalaldur svarenda. Aðeins 11% höfðu búið í Eyjum í 1-10 ár, 14% í 11-20 ár en 75% í yfir 20 ár.

Mynd 4.2




¹¹. 26% voru í blönduðu föruneyti; mest með maka og öðrum ættingjum (9%) eða með maka, börnum og öðrum ættingjum (6%).

4.3 Ferðir innanlands og utan síðasta árið


Íbúar í Eyjum voru spurðir hvort þeir hefðu ferðast eitthvað síðasta árið (12 mánuði) innanlands eða utanlands. Nær allir höfðu ferðast eitthvað innanlands (þ.e. farið til fastalandsins), eða 98%, í að meðaltali í 13 ferðum og gist alls 22 nætur. Þegar fjöldi ferða er flokkaður kemur í ljós að 21% svarenda fóru í 1-5 skipti upp á land, 32% fóru í 6-10 skipti og saman hlutfall í 11-20 skipti en 15% fóru oftar en 20 sinnum.

Mynd 4.3 Fjöldi skipta til fastalandsins síðasta árið



Þá höfðu 64% farið í utanlandsferð á árinu, í að meðaltali 1,5 skipti, og dvalið í 14 nætur að jafnaði. Af einstökum löndum fóru flestir til Spánar (35%), en síðan til Bretlands (27%), Þýskalands (19%), Bandaríkjanna (16%) og Danmerkur (12%).

Mynd 4.4 Lönd heimsótt síðasta árið



Einnig var spurt um í hvaða landi fólk hefði dvalið lengst. Flestir dvöldu lengst á Spáni (33%), en næst komu Bretland (17%), Bandaríkin (11%), Þýskaland (10%), Danmörk (6%) og Svíþjóð (4%).




Frá Benidorm: Eyjamenn fóru helst í frí til Spánar og dvöldu þar lengst.

4.4 Ferðamáti til og frá Eyjum (ferja - flug)

83% svarenda höfðu nýtt sér Herjólf á ferðum sínum til og frá Eyjum síðasta árið, að jafnaði í rúmlega 13 skipti hvora leið. Þá höfðu að jafnaði 33% nýtt sér flugið (32% frá Eyjum og 34% til Eyja) að jafnaði í 5,4 skipti hvora leið.

Mynd 4.5 Ferðamáti og meðaltíðni ferða til og frá Eyjum síðustu 12 mánuðina



Samkvæmt þessu voru 86% af ferðum þessa hóps með Herjólfur en 14% með flugi.

4.5 Álit á framtíð ferðaþjónustu og fjölda ferðamanna í Eyjum

90% þeirra sem afstöðu tóku töldu að ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum ætti mjög mikla framtíð fyrir sér að sumri til og 10% að hún ætti fremur mikla framtíð. Hins vegar töldu einungis 12% möguleika ferðaþjónustunnar utan sumartíma mjög mikla, 48% töldu þá fremur mikla, 38% að þeir væru fremur litlir og 2% mjög litlir.¹²


¹². 11% töldu sig ekki dómbæra á framtíð ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum að sumri eða svöruðu ekki spurningunni. Það hlutfall var 18% varðandi spurningu um framtíð ferðaþjónustu utan sumars.



Erlendur ferðamaður við myndatöku í Vestmannaeyjum.

Mynd 4.6


Framtíð ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum



Það var jafnframt mikill munur á afstöðu íbúa í Vestmannaeyjum til fjölda ferðamanna þar að sumri og utan sumars.¹³ Þannig töldu 78% þeirra sem afstöðu tóku að fjöldi ferðamanna í Eyjum væri hæfilegur að sumarlagi en 76% töldu að ferðamenn utan sumars væru of fáir.

Mynd 4.7

Álit á fjölda ferðamanna í Vestmannaeyjum



¹³. 15% töldu sig ekki dómbæra á fjölda ferðamanna í Vestmannaeyjum að sumri eða svöruðu ekki spurningunni. Það hlutfall var 24% varðandi spurningu um fjölda ferðamanna í Eyjum utan sumars.

4.6 Álit á ýmsum þáttum og hátíðum er snerta ferðapjónustu í Eyjum




Kátar Þróttarstúlkur á Pæjumóti.

Mynd: ÍBV.

Í könnuninni var spurt um alls tuttugu þætti og hátíðir er snerta ferðapjónustu í Vestmannaeyjum og íbúarnir beðnir um að gefa þeim einkunn á bilinu 1-10, þar sem 10 var hæsta einkunn. Af þessum þáttum fengu Shellmótið og Goslokahátíðin hæstu meðaleinkunnina (8,8) en síðan Pæjumótið (8,7), viðmót íbúa (8,6) og Þjóðhátíðin (8,2). Þá fengu veitinga- og kaffihús söfn/sýningar, flugsamgöngur og gististaðir nokkuð góða meðaleinkunn (7,5-7,9). Lökustu einkunnirnar fengu, útgáfu- og kynningamál (6,0), kynning á Vestmannaeyjum á netinu (5,7) og samvinna ferðapjónustuaðila í Eyjum (5,6).

Mynd 4.8 Álit á ýmsum þáttum og hátíðum er snerta ferðapjónustu í Eyjum meðaleinkunn þeirra sem afstöðu tóku






Landlyst og stafkirkjan á Skansinum.

En það er rétt að hafa í huga að það eru mjög mismargir sem telja sig dómbæra á ýmsa þætti sem spurt var um. Þannig taldi nær helmingur aðspurða sig ekki þekkja til samvinnu ferðaþjónustuaðila í Eyjum (49%) eða til kynningar á Vestmannaeyjum á netinu (46%) og merktu við „veit ekki“. Þá voru margir ekki dómbærir á upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn, gististaðina eða útgáfumál/ kynningarefni (40-42%) og yfir fjórðungur gat ekki dæmt um aðkomu bæjarfélagsins að ferðaþjónustunni eða um skipulagða afþreyingu sem í boði er (27-29%).

Mynd 4.9 Hlutfall þeirra sem ekki töldu sig dómbæra á ýmsa þætti og hátíðir er snerta ferðaþjónustu í Eyjum



Hins vegar taldi einungis sjötti hver sig ekki geta dæmt um merkingar gönguleiða í Vestmannaeyjum eða gatna- og stígagerð (16%). Enn færri töldu sig ekki dómbæra á merkingar innan bæjar (12%), söfn/sýningar eða viðmót íbúa (11%), Shellmótið, Pæjumótið og flugsamgöngur til og frá Eyjum (10%). Fæstir merktu við „veit ekki“ hvað varðar hreinlæti/umgengni í Eyjum (7%), þjóðhátíð (5%), Goslokahátíð (3%), veitinga- og kaffihús og ferjusamgöngur (2%).


4.7 Afstaða til fullyrðinga um ferðapjónustuna

Í könnuninni nú voru settar fram eftirfarandi 11 fullyrðingar um ferðamenn og ferðapjónustu sem íbúar Vestmannaeyja áttu að lýsa sig sammála, ósammála eða hlutlausa gagnvart:¹⁴

- Það er gott að við fáum gesti hingað sem eyða peningum í sveitarfélaginu.
- Vegna ferðamanna hafa komið ný afþreyingartilboð sem nýtast íbúum.
- Vegna ferðapjónustu höfum við fengið fleiri störf en ella hefðu skapast.
- Í ferðapjónustu er mikil svört atvinnustarfsemi.
- Í ferðapjónustunni er of mikil áhersla á gróðasjónarmið á kostnað þjónustu.
- Margir ferðamenn hafa skoðanir og hegðun sem fellur heimamönnum illa.
- Ferðapjónustu fylgir of mikið álag á náttúruna.
- Ég er stoltur af því að ferðamenn hafi áhuga á að heimsækja Eyjar.
- Almennigur hefur of lítið að segja um þróun ferðapjónustu í bæjarfélaginu.
- Vegna ferðapjónustu hef ég öðlast aukinn skilning á siðum annars fólks.
- Ferðapjónustan leiðir til þess að við skynjum betur og varðveitum sérkenni í okkar menningu.


Niðurstaðan er sú að Eyjamenn voru almennt býsna jákvæðir gagnvart ferðapjónustunni og áhrifum hennar. Þannig voru 96% mjög eða fremur sammála því að það væri gott að fá gesti sem eyddu peningum í sveitarfélaginu og 94% voru stoltir af því að ferðamenn hefðu áhuga á að heimsækja Vestmannaeyjar. Enginn var þessu tvennu ósammála.

Mynd 4.10 Afstaða Eyjamanna til fullyrðinga um ferðapjónustuna



86% voru mjög eða fremur sammála því að með ferðapjónustu hefðu orðið til fleiri störf en ella hefðu skapast en 1% voru ósammála. Þá töldu 83% að ferðapjónustan leiddi til þess að íbúarnir skynjuðu betur og varðveittu sérkenni í eigin menningu en 2% voru því ósammála. Má segja að þetta viðhorf endurspeglar í mikilli grósku menningarferðapjónustu víða um land.

¹⁴. 82-88% svöruðu þessum spurningum.



Fuglabjarg í Heimakletti.

Þá er athyglisvert að 67% voru því sammála því að vegna ferðapjónustunnar hefðu orðið til ný afþreyingartilboð í Vestmannaeyjum sem nýttust heimamönnum. Aðeins 12% voru því ósammála. Jafnframt vekur athygli að 43% þátttakenda töldu að íbúar hefðu of lítið að segja um þróun ferðapjónustu í Vestmannaeyjum en 7% voru því ósammála en 50% hlutlausir. Samkvæmt því má telja ráðlegt að leita í auknum mæli samráðs við íbúana við almenna þróun og stefnumótun ferðapjónustu í sveitarfélaginu.

39% voru sammála þeirri fullyrðingu að í ferðapjónustu væri mikil svört atvinnustarfsemi, 10% voru því ósammála en 51% hlutlausir. Skiptar skoðanir voru síðan um hvort ferðapjónustan ylli of miklu álagi á náttúruna og skiptust svarendur þar í þrjá svipað stóra hópa: sammála, ósammála og hlutlausir. Sama má segja um viðhorf Eyjamanna til þess hvort að áhersla á gróða í ferðapjónustu bitnaði á þjónustu; 33% voru því sammála, 26% ósammála en 41% hlutlausir.

24% voru fremur eða mjög sammála því að með ferðapjónustunni hefðu þeir öðlast aukinn skilning á siðum annars fólks (ferðamanna), 13% töldu svo ekki vera en 63% voru hlutlausir. Einungis 10% voru mjög eða fremur sammála því að skoðanir eða hegðun ferðamanna félli heimamönnum illa, 54% voru því ósammála og 36% hlutlausir.

4.8 Álit á þjónustu Herjólfis


Spurt var um níu þætti varðandi ferjuna Herjólf og Eyjamenn beðnir um að gefa þeim einkunn á bilinu 1-10. Viðmót starfsfólks fékk góða meðaleinkunn (8,4) og tímaáætlun Herjólfis nokkuð góðan vitnisburð (7,5). Hreinlæti, veitingar og aðbúnaður um borð fengu sæmilega einkunn, sem og heimasíða Herjólfis (6,5-7,0). Ferjan sjálf, bókunarkerfið og verð fargjalda fengu síðan heldur slaka dóma (4,6-5,8).¹⁵

¹⁵. 13% töldu sig ekki dómbæra á heimasíðu Herjólfis og merktu við „veit ekki“ en 2-8% töldu sig ekki dómbæra á aðra þætti sem spurt var um.

Mynd 4.11

Álit á ýmsum þáttum í þjónustu Herjólfss

meðaleinkunn þeirra sem afstöðu tóku



4.9 Álit á þjónustu Flugfélagsins Ernir


Spurt var um sjö þætti varðandi Flugfélagið Ernir og þjónustu þess við Vestmannaeyjar. Voru Eyjamenn beðnir um að gefa þeim þáttum einkunn á bilinu 1-10.

Viðmót starfsfólks fékk góða meðaleinkunn (8,7) sem og heimasíðan flugfélagsins (8,2) og bókunarkerfið (8,1). Flugáætlunin, flugvélaostur og aðbúnaður um borð fengu nokkuð góða dóma (7,0-7,5). Verð fargjalda hlaut hins vegar falleinkunn (4,0) og mörgum þykja þau augljóslega of há.¹⁶

Mynd 4.12

Álit á ýmsum þáttum í þjónustu Flugfélagsins Ernir

meðaleinkunn þeirra sem afstöðu tóku



¹⁶. 39% töldu sig ekki dómbæra á heimasíðu Flugfélagsins Ernir og merktu við „veit ekki“, 33-35% töldu sig ekki dómbæra á aðbúnaðinn um borð í vélum félagsins, bókunarkerfið eða flugvélaostinn. 29% gátu ekki dæmt um flugáætlunina, 24% ekki um viðmót starfsfólks og 21% töldu sig ekki dómbæra á verð fargjalda.


4.10 Styrkleikar ferðþjónustu í Vestmannaeyjum



Náttúrufegurð Vestmannaeyja hrifur ferðamenn.

128 íbúar í könnuninni (75% þátttakenda) nefndu hverja þeir teldu vera helstu styrkleika Vestmannaeyja í ferðþjónustu og nefndu þeir að meðaltali tvennt. Langflestir þeirra nefndu náttúru/landslag eða umhverfi Vestmannaeyja (67%), en síðan Landeyjarhöfn - þegar hún væri í notkun (15%), sögu Eyjanna (11%), fjölbreytnina og mannlífið/fólkið (9%).

Mynd 4.13 Styrkleikar ferðþjónustu í Vestmannaeyjum



Styrkleikar ferðþjónustunnar

Nefnt tvisvar eða þrisvar sinnum:

bátsferðir, kaffihús, kyrrð/friðsæld, góð gisting, Heimaey, fámennið, staðsetningin, rútuferðir, verslanir, lundinn.

Auk þess nefnt:

bíósýningin um gosið '73, íþróttastaðan, ferskt hráefni í mat, frjó hugsun bæjarbúa, upplýsingamiðstöðin, áform bæjaryfirvalda um uppbyggingu, duglegir ferðþjónustuaðilar, innviðir samfélagsins, gönguleiðir um Heimaey, dugnaður og bjartsýni fólksins, sjósport, úteyjarnar, auðvelt að skipuleggja viðburði, nálægðin við hafið, Surtsey, margt að skoða, góð þekking á sinni heimaslóð, saga Tyrkjaránsins, sjósókn, ýmislegt sögutengt efni.

4.11 Veikleikar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum




Tvö sérkenni Heimaeyjar: toppur Eldfells og sáluhlíð Landakirkju.

122 íbúar í könnuninni (71% þátttakenda) nefndu hverja þeir teldu vera helstu veikleika Vestmannaeyja í ferðaþjónustu og nefndu að meðaltali tvennt. Langflestir þeirra nefndu ófullnægjandi ferjusamgöngur einkum yfir vetrartímann þegar Herjólfur þarf að sigla til Þorlákshafnar (65%), en síðan of lítið gistiþláss (13%) og enga/litla samvinnu ferðaþjónustuaðila í Eyjum (11%).

Mynd 4.14 Veikleikar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum

122 svör



Veikleikar ferðaþjónustunnar

Nefnt tvisvar sinnum:

Ófullnægjandi upplýsingagjöf, vöntun á fagmennsku, of dýrt í Herjólf, ekki nógu góðir kynningarbæklingar, of lítil kynning á Vestmannaeyjum.

Auk þess nefnt:

Viðmót starfsfólks, virðingarleysi gagnvart náttúru Eyjanna, svört atvinnustarfsemi, vantar heilsuþúð, þjóðhátíð öll miðuð við gesti af fastalandinu, tímasetningar ferða frá Eyjum valda því að fólk borðar ekki kvöldverð í Eyjum, rútufyrirtæki, vantar gallerý, tíminn sem fer í ferðir til og frá Eyjum, flutningsgeta Herjólf ekki næg yfir sumarið, græðgi, grandaleysi bæjaryfirvalda hvað varðar átroðning ferðamanna, lítið gert með söguna – t.d. eldgosið 1973, of margir einyrkjar í ferðaþjónustu, lokanir vegna bilana á útivistarsvæði við sundlaugina (rennibraut og gufa), skortur á umhirðu og götusópun, óskipulagður miðbær, of fá upplýsinga- og fræðsluskilti.


4.12 Þjónusta sem vantar fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum



”Skuggalegir” ferðamenn í mynni Klettshellis í Heimakletti.

93 íbúar í könnuninni (54% þátttakenda) nefndu hvaða þjónustu þeir teldu helst vanta fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum. Flestir þeirra nefndu að það vantaði fleiri almenningsalerni (23%) og fleiri/betri gististaði (21%). Síðan að það vantaði nýja/stærri ferju (15%) og að bæta tjaldsvæðið (13%).

Mynd 4.15 Þjónusta sem vantar fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum



Varðandi gistaðastöðuna nefndu nokkrir að það væri afar slæmt að ekki væri hægt með góðu móti að taka á móti stærri hópum í fyrsta flokks gistingu, s.s. stærri hópum erlendra ferðamanna, meðalstórum ráðstefnum, þokkalega stórum árshátíðum o.s.frv.

Þjónusta sem vantar fyrir ferðamenn

Nefnt tvisvar sinnum:

Fjölbreyttari veitingastaði, bjóða upp á meira heilsutengt (heilsupakka), bæta kynningu á Vestmannaeyjum, betri aðstöðu fyrir húsbíla, hjólhýsi og tjaldvagna á tjaldsvæðinu.


Auk þess nefnt:

Bíó, búð sem er opin allan sólarhringinn, lengja opnunartíma sundlaugarinnar um helgar, að bæta umgengni (ferðamenn hneykslast oft á rusli á götum þó bærinn sé oftast mjög hreinn), lækka fargjöld, að auka upplifun ferðamann af Vestmannaeyjum sem sjávarplássi - vantar góðan fiskveitingastað og fiskbúð, ganga frá ljótum svæðum, stofna upplýsingamiðstöð á netinu þar sem hægt er að fá allar upplýsingar um Vestmannaeyjar á einum stað, vantar möguleika á að stunda innisport þegar veður er vont (s.s. keilu), kynningu á gömlum hefðum og starfsháttum, vantar góða og dýra veitingastaði, vantar betri merkingar að tjaldsvæðinu, ódýrari fargjöld fyrir hópa, að minni bátar fái leyfi til að sigla á Landeyjarhöfn á sumrin.

4.13 Þróunar- og nýsköpunarmöguleikar ferðapjónustu í Vestmannaeyjum

75 íbúar í könnuninni (44% þátttakenda) nefndu hverja þeir teldu vera helstu þróunar-og nýsköpunarmöguleika í ferðapjónustu í Vestmannaeyjum. Flestir þeirra nefndu að bæta þyrfti samgöngur (16%) en síðan að byggja upp Eldheima/kynna gossöguna, þróa náttúrutengdar ferðir, gönguferðir og úteyjaferðir (13-14% hvert atriði) .

Mynd 4.16 Nýsköpunarmöguleikar ferðapjónustu í Vestmannaeyjum



Þróunar- og nýsköpunarmöguleikar í ferðapjónustu

Nefnt tvisvar sinnum:

Bátsferðir, efla ferðapjónustuna á veturna.

Auk þess nefnt:

Þjóða uppá ferðir og þjónustu í Elliðaey, siglingar allt árið frá Landeyjarhöfn, hafa sameiginlegan auglýsingamiðil, bjóða siglinga-og ævintýraferðir, stuðla að einstaklingsmiðaðri þjónustu við ferðamenn, bjóða upp á ferðir með fiskibátum, stofna safn í kringum sjávarútveginn, bæta tjaldsvæðið, skipulagðar ferðir með uppgöngu í smáeyjar- klettaklifur - jafnvel gistingu með fæði, ganga betur um bæinn og halda honum hreinum, reyna að auka hópferðir fyrirtækja til Eyja t.d. með árshátíðir og opna fyrirtæki sérstaklega um helgar þegar þannig hópar koma til að auka verslun, markaðssetja afþreyinguna betur, koma upp aðstöðu svo skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju, stíla inn á sérkenni Eyjanna, fleiri smáhýsi, sportferðir, golf, byggja upp söfn sem tengjast sögu Eyjanna, útsýnisflug, setja upp leiksýningar er tengjast sérstöðu og sögu Eyjanna, bæta almenningssamgöngur til og frá Landeyjarhöfn.

VIÐAUKAR

21. Please rate the following services of the Ferry Herjolfur (10 is the best rate). Please a mark all

	Rate 1-10	Don't know
Herjolfur web-site	_____	<input type="checkbox"/>
Booking system	_____	<input type="checkbox"/>
Ticket price (tariffs)	_____	<input type="checkbox"/>
Facilities /interiors	_____	<input type="checkbox"/>
Cleanliness	_____	<input type="checkbox"/>
Restaurant/food	_____	<input type="checkbox"/>
Staff service	_____	<input type="checkbox"/>
Sailing schedule	_____	<input type="checkbox"/>
The ferry in general	_____	<input type="checkbox"/>

EXPENSES

22 a. The number of persons to whom expenses apply-- include yourself!

_____persons.

b. Estimate your expenses for the previous day (24 hrs.)

First mark the given currency: ISK 1 Euro 2 US\$ 3 GBP 4

	<i>Expenses</i>
Accommodation	_____
Restaurants	_____
Food	_____
Petrol	_____
Recreation	_____
Transport (flight/ferry)	_____
Other	_____
Total the last 24 hrs:	=====

c. What do you estimate your total expenses in Westman Islands ? _____

23. How does your salary rate, in general, in your own country?

High 1 Above average 2 Average 3 Below average 4 Low 5

Thank you for the cooperation!

The Westman Islands: Visitor survey 2012

This survey is being conducted for *the Westman Islands* to gain knowledge about guests visiting the islands. In addition, we are interested in the opinions of guests regarding services and facilities in order to make them even better. Your participation is important for improving tourism services in the Westman Islands.

1. Sex: Male 1 Female 2
2. Age: _____ years
3. Country of residence: _____
4. Secondary education (after mandatory level):
less than 4 years 1 4-8 years 2 more than 8 years 3
5. What are your travelling arrangements? Tick more than one answer if appropriate.
Private travel 1 Partly organised by others 2 Group tour 3
- 6 a. How many nights did you stay in the Westman Islands? _____ nights
b. How many nights will you stay in Iceland? _____ nights
- 7 a. Have you been to Iceland before? No 1 Yes 2 -> How often? _____
b. Been to the Westman Islands before? No 1 Yes 2 -> How often? _____
8. Who are you travelling with? Tick more than one answer if appropriate.
Alone 1 Relatives / friends 4
Spouse / partner 2 Companions from work, club, etc. 5
Family with child(ren) 3 Other: _____
- 9 a. Did you obtain information about the Westman Islands before you arrived?
No 1 Yes 2 -> b. Where? Mark all that apply.
From family/friends From advertisements
From the Internet From newspaper/magazine articles
Where on the net? _____
From travel books From Westman Islands website
From other books From brochures about Westman Islands
Other: _____
- 10 a. Where did you stay last night? _____
b. Where do you plan to stay next night? _____

11. Put an "X" in the boxes at the places you visited/stopped by in the Westm. Isl.



12. What type of accommodation did you use in Westman Islands?

Enter number of nights.

	Nights		Nights
Hotel	___	Campsite	___
Guesthouse	___	Cottage	___
Youth hostel	___	With family/friends	___
Other: what?	_____		

13. Mark your mode of arriving and departing the Westman Islands.

	Arrived by	Departed by
Ferry	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 1
Flight	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 2
Cruise ship	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 3

14. What first attracted your interest in the Westman Islands?

15. Why did you decide to visit the Westman Islands. Please write one or more keywords.

1. _____ 2. _____

16. Mark your activities and sites/museums you visited during your stay in Westman Islands. Mark any that are appropriate.

Swimming pool	<input type="checkbox"/>	The Aquarium	<input type="checkbox"/>
Organised hiking trail	<input type="checkbox"/>	The Folk Museum	<input type="checkbox"/>
Shorter hikes 1-3 hrs	<input type="checkbox"/>	Surtsey Island exhibition	<input type="checkbox"/>
Longer hikes 4-8 hrs	<input type="checkbox"/>	Nature enjoyment	<input type="checkbox"/>
Shoreline walk	<input type="checkbox"/>	Visit caves	<input type="checkbox"/>
Horseback riding	<input type="checkbox"/>	Bird-watching	<input type="checkbox"/>
Golf	<input type="checkbox"/>	Rib-safari	<input type="checkbox"/>
Craft shop/gallery	<input type="checkbox"/>	Boat excursion	<input type="checkbox"/>
Rent a segway	<input type="checkbox"/>	Bus excursion	<input type="checkbox"/>
Rent a bike	<input type="checkbox"/>	Pompeii of the North	<input type="checkbox"/>
Paint ball	<input type="checkbox"/>	Other: _____	

17. Please rate the following tourism services in Westman Islands on the scale 1-10 (10 is the best rate). Please mark every single one.

	Rate 1-10	Don't know		Rate 1-10	Don't know
Restaurants	___	<input type="checkbox"/>	Information services	___	<input type="checkbox"/>
Hotels/Guest houses	___	<input type="checkbox"/>	Museums/exhibitions	___	<input type="checkbox"/>
Campground	___	<input type="checkbox"/>	Customer service	___	<input type="checkbox"/>
Shops	___	<input type="checkbox"/>	Attitude of inhabitants	___	<input type="checkbox"/>
Signposting	___	<input type="checkbox"/>	Westm. Isl. in general	___	<input type="checkbox"/>
Cleanliness of town	___	<input type="checkbox"/>			

18. What is the first thing that comes to mind when you think of the Westman Islands? Please write one or more keywords.

1. _____ 2. _____

19. What is the most positive aspect of your visit to the Westman Islands?

20. Negative aspect of your visit to the Westman Islands.

15. Hvaða einkunn gefur þú eftirfarandi þáttum í þjónustu Herjólfss (10 er hæsta einkunn)? *Merktu við allt.*

	Eink.1-10	Veit ekki
Heimasíða Herjólfss	_____	<input type="checkbox"/>
Bókunarkerfið	_____	<input type="checkbox"/>
Verð fargjalda	_____	<input type="checkbox"/>
Aðbúnaður um borð	_____	<input type="checkbox"/>
Hreinlæti um borð	_____	<input type="checkbox"/>
Veitingar um borð	_____	<input type="checkbox"/>
Viðmót starfsfólks	_____	<input type="checkbox"/>
Tímaáætlun	_____	<input type="checkbox"/>
Ferjan sjálf	_____	<input type="checkbox"/>

16. Hvaða einkunn gefur þú eftirfarandi þáttum hjá Flugfélaginu Ernir (10 er hæsta einkunn)? *Merktu við allt.*

	Eink.1-10	Veit ekki
Heimasíða félagsins	_____	<input type="checkbox"/>
Bókunarkerfið	_____	<input type="checkbox"/>
Verð fargjalda	_____	<input type="checkbox"/>
Aðbúnaður um borð	_____	<input type="checkbox"/>
Viðmót starfsfólks	_____	<input type="checkbox"/>
Flugáætlun	_____	<input type="checkbox"/>
Flugvélakostur	_____	<input type="checkbox"/>

17. Hvaða þjónustu telur þú helst vanta fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum?

18. Hverja telur þú vera helstu möguleika til nýsköpunar og þróunar á sviði ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum?

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Ferðaþjónusta í Eyjum og ferðavenjur Eyjamanna

Ágæti íbúi í Vestmannaeyjum!

Þessi könnun er gerð fyrir Vestmannaeyjabæ með stuðningi Vegagerðarinnar, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Eimskips og Flugfélagsins Ernir. Henni er ætlað að nýtast til að efla ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum, því þar er m.a. mikilvægt að taka tillit til skoðana og hugmynda heimamanna. Einnig er spurt um ferðavenjur Eyjamanna.

- Kyn:** karl ₁ kona ₂
- Aldur:** _____ ára
- Menntun:** Grunnskóli ₁ Iðn-/sérskóli ₂ Menntaskóli ₃ Háskóli ₄
- Hverir ferðast með þér nú?** *Merktu við fleira en eitt ef þarf.*
Ein(n) á ferð ₁ Aðrir ættingjar ₄
Maki/sambúandi ₂ Vinir ₅
Maki og barn/börn ₃ Vinnu-/klúbbfélagar ₆
Aðrir: _____
- Hve lengi hefur þú búið í Vestmannaeyjum?** _____ ár
- a. **Ferðaðist þú innanlands á síðustu 12 mánuðum** Já ₁ Nei ₂
b. **Ef já. Hve margar ferðir?** _____ ferðir
c. **Fjöldi náttu alls** _____ nætur
- a. **Fórst þú í utanlandsferð á síðustu 12 mánuðum?** Já ₁ Nei ₂
b. **Ef já. Hve margar ferðir?** _____ ferðir
c. **Fjöldi náttu alls** _____ nætur
d. **Hvaða lönd heimsóttir þú?** _____
e. **Í hvaða landi dvaldir þú lengst?** _____
- Hve oft nýttir þú þér eftirtalinn ferðamáta síðustu 12 mánuði?**

	Frá Eyjum	Til Eyja
Herjólf	_____	_____ skipti
Flug	_____	_____ skipti

9. Telur þú að ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum eigi framtíð fyrir sér?

	<i>Mjög mikla</i>	<i>Fremur mikla</i>	<i>Fremur litla</i>	<i>Mjög litla</i>	<i>Veit ekki</i>
Að sumarlagi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
Utan sumartíma	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

10. Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í Vestmannaeyjum?

	<i>Of margir</i>	<i>Hæfilega margir</i>	<i>Of fáir</i>	<i>Veit ekki</i>
Að sumarlagi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Utan sumartíma	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

11. Hvaða einkunn gefur þú eftirfarandi þáttum er snerta ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum? (10 er hæsta einkunn)? *Merktu við allt.*

	<i>Eink.1-10</i>	<i>Veit ekki</i>
Gististaðir	_____	<input type="checkbox"/>
Veitinga-og kaffihús	_____	<input type="checkbox"/>
Söfn/sýningar	_____	<input type="checkbox"/>
Skipulögð afþreying	_____	<input type="checkbox"/>
Ferjusamgöngur	_____	<input type="checkbox"/>
Flugsamgöngur	_____	<input type="checkbox"/>
Aðkoma bæjarfélagsins	_____	<input type="checkbox"/>
Útgáfumál / kynningarefni	_____	<input type="checkbox"/>
Kynning á Internetinu	_____	<input type="checkbox"/>
Upplýsingaþjónusta	_____	<input type="checkbox"/>
Þæjumótið	_____	<input type="checkbox"/>
Shellmótið	_____	<input type="checkbox"/>
Gosloka hátíðin	_____	<input type="checkbox"/>
Þjóð hátíðin	_____	<input type="checkbox"/>
Gatna- og stígagerð	_____	<input type="checkbox"/>
Merking gönguleiða	_____	<input type="checkbox"/>
Merkingar innan bæjarfélags	_____	<input type="checkbox"/>
Samvinna ferðaþjónustuaðila	_____	<input type="checkbox"/>
Hreinlæti/umgengni	_____	<input type="checkbox"/>
Viðmót íbúa	_____	<input type="checkbox"/>

12. Hverja telur þú vera helstu styrkleika ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum?

13. Hverja telur þú vera helstu veikleika ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum?

14. Að hve miklu leyti ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum.

	<i>Alveg sammála</i>	<i>Fremur sammála</i>	<i>Hlutlaus</i>	<i>Fremur ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
Það er gott að við fáum gesti hingað sem eyða peningum í sveitarfélaginu					
Vegna ferðamanna hafa komið ný afþreyingartilboð sem nýtast íbúum					
Vegna ferðaþjónustu höfum við fengið fleiri störf en ella hefðu skapast					
Í ferðaþjónustu er mikil svört atvinnustarfsemi.					
Í ferðaþjónustunni er of mikil áhersla á gróðasjónarmið á kostnað þjónustu					
Margir ferðamenn hafa skoðanir og hegðun sem fellur heimamönnum illa					
Ferðaþjónustu fylgir of mikið álag á náttúruna					
Ég er stoltur af því að ferðamenn hafi áhuga á að heimsækja Eyjar					
Almenningur hefur of lítið að segja um þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu					
Vegna ferðaþjónustu hef ég öðlast aukinn skilning á síðum annars fólks					
Ferðaþjónustan leiðir til þess að við skynjum betur og varðveitum sérkenni í sögu okkar og menningu					